

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2006

**Efni: Athugasemdir Samtaka sykursjúkra við frumvarp tii laga um almannatryggingar og málefni aldraðra, 330 mál**

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er byggt á vinnu sem til var stofnað með Landssambandi eldri borgara af hálfu ríkisstjórnar Íslands. Þar sem um er að ræða tillögur til ýmissa breytinga á gildandi lögum um almannatryggingar varðar þetta einnig að verulegu leiti öryrkja. Samtök sykursjúkra telja margt jákvætt við frumvarpið og þá helst þau markmið laganefndarinnar sem liggja að baki því. Þau er að finna í athugasemdum með frumvarpinu:

- lífeyrisgreiðslur almannatrygginga verði hækkaðar.
- Bótaflokkum verði fækkað og lífeyristryggingakerfið þar með einfaldað.
- Dregið verði úr áhrifum tekna maka.
- Fjárhæð vasapeninga verði hækkuð.
- Heimiluð verði sveigjanleg starfslok þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun tóku ellilífeyris.
- Sett verði frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Það fjármagn sem nú gangi til reksturs stofnana úr framkvæmdasjóði aldraðra gangi til uppbyggingar öldrunarstofnana.

Undir þetta allt geta Samtök sykursjúkra tekið. Með frumvarpinu nást þessi markmið þó aðeins að hluta til og á of löngu tímabili.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur maka elli- og örorkulífeyrisþega hafi ekki áhrif á viðmiðunartekjur lífeyrisþegans og að ákvæðin komi til framkvæmda 1. janúar 2010. Á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 skulu lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega og makans skiptast til helminga en á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2009 skulu, samkvæmt frumvarpinu, hlutföllin vera 80% hjá lífeyrisþeganum og 20% hjá makanum. Þetta telja Samtök sykursjúkra ekki viðunandi. Með því að flýta gildistöku 300.000 króna frítekjumarks ellilífeyrisþega um þrjú ár hefur verið gefið jákvætt fordæmi og mæla Samtök sykursjúkra eindregið með því að skilið verði að fullu á milli tekna lífeyrisþega og maka frá 1. janúar 2007

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, hafi með sama hætti og greiðslur úr skyldubundnum lífeyrissjóðum ekki áhrif á útreikning elli og örorkulífeyris. Samtök sykursjúkra fagna þessari breytingu.

Gert er ráð fyrir lítilli hækkun á lífeyri almannatrygginga og miðað við verðlags- og launapróun síðustu mánuði er full nauðsyn til að endurskoða fyrirhugaða hækkun þann 1. janúar. 2007. Samtök sykursjúkra leggja til að auk þeirrar krónutöluhækkunnar sem fyrirhuguð er í tengslum við sameiningu tekjutryggingar og tekjutryggingarauka í einn greiðsluflokk, verði upphæð grunnlífeyris tvöfölduð, úr 24.131 krónur í 48.262 krónur.

Einnig benda Samtök sykursjúkra á að samkvæmt sameiginlegum tillögum Landssambands eldri borgara, Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar þá skuli almannatryggingakerfið einfaldað þannig að bótaflokkum verði fækkað niður í tvo sem skiptast í grunnlaun og tekjutryggingu og sé miðað við að upphæð úr hvorum flokki sé jafnhá. Þá er í sameiginlegum tillögum gert ráð fyrir að grunnlaunin verði ótekjutengd með öllu. Sú einföldun sem næst með þessu frumvarpi til laga um almannatryggingar er mjög takmörkuð og ófullnægjandi að áliti Samtaka sykursjúkra.

Þörf er á grundvallaruppstokkun almannatryggingakerfisins þar sem núverandi kerfi er ýtt til hliðar og tekið upp nýtt fyrirkomulag með einföldun, gegnsæi, afkomutryggingu og hvata til samfélagslegrar þátttöku að leiðarljósi.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka sykursjúkra

Sigríður Jóhannsdóttir,